

Reykjavík, 23. janúar 2019

Niðurstaða athugunar á tilkynningum Arion banka hf. um skortstöður til Fjármálaeftirlitsins

Með bréfi dagsettu 22. nóvember 2017 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á tilkynningum frá Arion banka hf. (Arion banki/bankinn) til Fjármálaeftirlitsins um skortstöður á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (hér eftir skortsölureglugerðin/reglugerðin) sem tók gildi hér á landi með lögum nr. 55/2017.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar ber aðila að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um hreina skortstöðu þegar hlutfallið jafngildir 0,2% af útgefnu hlutfé viðkomandi félags og hver 0,1% umfram það. Í 15. tölul. inngangsorða reglugerðarinnar kemur fram að tilkynna beri breytingu á hreinni skortstöðu sem veldur hækkun eða lækkun yfir eða undir viðmiðunarmörk.

Í a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar er skilgreint með víðtækum hætti hvað sé skortstaða. Annars vegar er hægt að ná skortstöðu skv. a-lið, þ.e. með skortsölu hlutabréfs. Hins vegar er hægt að ná skortstöðu skv. b-lið, með gerð samnings sem veitir aðila viðskiptanna fjárhagslegan ávinning við lækkun á verði eða virði hlutabréfsins.

Í 10. gr. framseldrar reglugerðar nr. 918/2012 er síðan að finna fyrirmæli um aðferð við að reikna hreina skortstöðu í hlutabréfum. Þar er vísað til delta-hlutfalls vegna hlutabréfavarna sem nánar er skýrt í II. viðauka reglugerðarinnar. Einnig er tekið fram að við útreikning á hreinum skortstöðum skuli taka tillit til viðskipta með alla fjármálagerninga, hvort sem þau fara fram utan eða á viðskiptavettvangi, sem veita fjárhagslegan ávinning ef um er að ræða breytingu á verði eða virði hlutabréfs.

Athugunin leiddi í ljós að útreikningur Arion banka á skortstöðum hafði ekki tekið mið af b-lið 1. mgr. 3. gr. skortsölureglugerðarinnar, að því er varðar samninga við viðskiptavini bankans, sem leiddi til þess að á tímabilinu 10. ágúst til og með 12. ágúst hafi í þremur tilvikum myndast hrein skortstaða hjá bankanum sem fór yfir og undir viðmiðunarmörk skv. 5. gr. reglugerðarinnar og bankinn tilkynnti ekki til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við framangreint og fór fram á það við Arion banka að útreikningur bankans tæki framvegis mið af framangreindu.